

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1093 Sjávareldi ehf (IS-36102) Skutulsfjörður - Ísafjarðardjúp	Skutulsfjörður - Ísafjarðardjúp 410 Hnífsdalur	Jóhanna Ósk Halldórsdóttir Gæðastjóri Davíð Björn Kjartansson Eldisstjóri			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	17.4.2020	17.4.2020	4,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 12 skoðunatriða af 22. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 12 skoðunatriðum, þar af 3 Alvarleg frávik og 9 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

15.5.2020

Alvarleg frávik	Frávik
2.1.1 Rekstrarleyfi	2.1.2 Framleiðsluskýrsla
2.1.3 Stöðvarskírteini sjókváeldisstöðva	3.1.3 Eldisbúnaður
6.1.1 Mat á úrbótum	3.1.5 Eldissvæði
	3.1.6 Merkingar sjókváeldisstöðva
	3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga
	5.1.1 Þjálfun starfsfólks
	5.1.4 Innra eftirlit sjókváeldisstöðva
	5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjókváeldisstöðva
	5.1.6 Gæðahandbók sjókváeldisstöðva

Aðrar athugasemdir

Vegna tilkynningar frá Sjávareldi (Hábrún)um göt á kvíum á eldissvæði fyrirtækisins. Sjávareldi hefur alið regnbogasilung rétt fyrir utan Ísafjörð í fjölda mörg ár. Starfsmaður Matvælastofnunar (undirritaður) tók rafrænt eftirlit til að kanna aðgerðir fyrirtækisins vegna málsins.

Atvikalýsing

Þrjú göt uppgötvuðust á kvíum nr. 17 og nr. 18 á miðsvæði fyrirtækisins seinni part dags þann 19. mars sl. Götin uppgötvuðust við reglulegt köfunareftirlit. Gert var við gatið í eftirlitsköfuninni og í kjölfarið var yfirmönnum fyrirtækisins tilkynnt um atvikið. Matvælastofnun barst tilkynning um atvikið þann 20. mars og Fiskistofu hafði einnig verið upplýst um stöðu mála og heimiluðu þeir útsetningu neta. Öðrum tilkynningarskyldum aðilum var hinsvegar ekki tilkynnt um atvikið eins og ber að gera skv. 13. gr. í lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

Í heildina voru 2 göt á nótarþoka í kví nr. 17 og eitt gat á nótarþoka í kví nr. 18. Stærð allra gata var svipuð eða um 20cm x 30cm og á um 2m dýpi. Rúmlega 26.000 regnbogasilungar voru í sitthvorri kvínni með meðalþyngd 1 kg.

Síðasta köfunareftirlit fór fram 18. október sl. og var nótarþoki þá heill.

Net voru lögð út á eldissvæðinu um kvöldið sama dag í samráði við Fiskistofu og vegna eðli málsins ákvað Fiskistofa að senda ekki eftirlitsmann á svæðið. Netanna var vitjað um kvöldið og svo aftur daginn eftir og veiddist enginn regnbogasilungur. Netin voru ekki lögð út aftur.

Þegar Matvælastofnun bærust fyrst fregnir af götunum þá var talið að skrúfa á vinnubát hafi ollið götunum en við frekari athuganir var það útilokað. Orsök gatanna á nótarþokanum eru keðja og lás í hanafótum sem kemur tilbúinn til útsetningar frá Færeyjum. Mikill slaki er á keðjunni skv. leiðbeiningum frá Aquastructure

framleiðanda búnaðarins og í vöndum veðrum slær keðjan og lás í nótarpokann. Sjávareldi (Hábrún) hefur farið í aðgerðir að breyta uppsetningu hanafóta á öllum kvíum svo þetta komi ekki fyrir aftur. Sjávareldi telur ólíklegt að fiskur hafa sloppið út um götin, en þó er ekki hægt að útiloka það.

Niðurstaða

Sjávareldi (Hábrún) fylgdi sinni eigin viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga, sú viðbragðsáætlun þarfnast uppfærslu og krefst Matvælastofnun þess að viðbragðsáætlun verði uppfærð fyrir þann 15 maí. nk. og uppfylli þá skilirði skv. 13. gr. í lögum um fiskeldi nr. 71/2008

Ábyrgðarmenn fyrirtækisins útveguðu öll umbeðin gögn sem var mjög gagnlegt við úrvinnslu málsins. Einnig munu þeir útbúa skýrslu um atvikið.

Mjög óheppilegt er að köfunareftirlit hafi ekki farið fram með reglulegra millibili, en skv. verklagsreglum í gæðahandbók rekstraraðila skal aldrei hafa meira en 90 daga á milli neðansjávareftirlits. Vont veður og ófyrirsjáanlegar aðstæður eins og snjóflóð á Flateyri varð til þess að þjónustuaðili fór í björgunaraðgerðir þar og varð það til þess að ekki var hægt að fara í neðansjávareftirlit fyrr.

Orsök gata á nótarpokum eru ljós og óskar Matvælastofnun eftir því að stofnunin verði upplýst ef nýjar upplýsingar koma fram. Einnig óskar stofnunin eftir því að verða upplýst um þau atriði sem mögulega geta bent til þess að fiskur hafi strokið, t.d. ef fóðurþörf í kvínni minnkar.

Annað

Ekki var tekin afstaða til annarra frávika sem fram komu í síðasta reglubundna eftirliti Matvælastofnunar þann 6 febrúar sl.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Starfsstöð

Sjávareldi ehf (IS-36102) Skutulsfjörður -
Ísafjarðardjúp
Skutulsfjörður - Ísafjarðardjúp
410 Hnífsdalur
Staða: Í gildi
Kennitala: 5310111040

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi

Tengiliðir

Davíð Björn Kjartansson

8626840

david@sjavareldi.is

Eldisstjóri

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7.gr. laga nr. 71/2008 og 34. gr. í reglugerð 1170/2015

2.1.1 Rekstrarleyfi

Sett inn: 06.02.2020

Alvarlegt frávik

Framleiðsla Hábrúnar/Sjávareldis var 290 tonn árið 2019. Sjávareldi hefur heimild til að framleiða allt að 200 tonnum. Einnig eru um 648 tonn af fiski út í sjó.

Útgáfa ný rekstrarleyfis fyrir 700 tonna heimild er langt komin en hefur seinkað því stöðvaskírteini fæst ekki gefið út á stöðina.

2.1.3 Stöðvaskírteini sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 06.02.2020

Alvarlegt frávik

Ekki hefur verið útgefið stöðvaskírteini fyrir staðsetningar í sjó.

skv. 25. gr. í reglugerð um fiskeldi nr 1170/2015.

Krafa um stöðvaskírteini. Allar sjókvíaeldisstöðvar skulu hafa stöðvaskírteini útgefið af faggildri skoðunarstofu og skal skírteinið aðeins gilda fyrir eina stöð á einum stað.

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 06.02.2020

Frávik

Ekki hefur verið skiluð framleiðsluskýrsla fyrir árið 2019.

skv. 47. gr. í reglugerð um fiskeldi nr 1170/2015.

Rekstrarleyfishafi skal gefa Matvælastofnun árlega skýrslu um starfsemi sína þar sem fram koma upplýsingar sem kveðið er á um í viðauka 2. Skýrslan skal send til Matvælastofnunar fyrir 1. febrúar ár hvert.

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

3.1 - Sjókvíaeldi

3.1.3 Eldisbúnaður

Sett inn: 06.02.2020

Frávik

Hoppnet lágt á kví 13 á ysta svæði.

Fjarlægga þurfti fuglanet eftir óveður, stangir brotnuðu og mikið er af skarfi í kringum kvíar.

3.1.5 Eldissvæði

Sett inn: 06.02.2020

Frávik

Sjókviar eru innan eldissvæði á rekstrarleyfi Hábrúnar en í raun eru þau utan eldissvæðis þar sem rekstrarleyfi Hábrúnar nær yfir svæðin þar sem fiskur eru úti og er það útrunnið, ásamt því að á því leyfi var einungis heimilt að framleiða þorsk en eru þeir með regnbogasilungs á svæðinu.

Útgáfa ný rekstrarleyfis er langt komin en hefur seinkað því stöðvarskírteini fæst ekki gefið út á stöðina.

3.1.6 Merkingar sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 06.02.2020

Frávik

Merkingin við jaðar ysta svæðisins er appelsínugul en ekki gul.

Skv. 32. gr. í reglugerð nr. 1170/2015

Flot sem notuð eru til merkinga skulu vera gul á litinn.

3.3 - Slysasleppingar

37. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015.

3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga

Sett inn: 06.02.2020

Frávik

Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga er til en var ekki aðgengilega á eldissvæðinu (um borð í bát eða í tölvutæku formi þar sem eldismenn hafa aðgang að henni)

Skv. 37 gr. í reglugerð um fiskeldi nr. 1170/2015

Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á starfsstöð og kynna starfsmönnum hana.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

5.1.1 Þjálfun starfsfólks

Sett inn: 06.02.2020

Frávik

Þjálfunarskrá er til en hefur ekki verið útfyllt af starfsmönnum. Er þetta endurtekið frávik frá síðasta eftirliti.

skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr 1170/2015:

Halda skal þjálfunarskrá fyrir hvern einstakan starfsmann. Þjálfunarskrá inniheldur þá þjálfun sem starfsmaður hefur lokið og í henni eru tilgreindir þeir verkþættir sem starfsmaður þarf að tileinka sér. Öllum starfsmönnum skal kynnt gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins í nýliðakynningu.

5.1.4 Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 06.02.2020

Frávik

Súrefnisinnihaldi sjávar er ekki mælt.
Lús er ekki talin, er bara metin frá yfirborði.

Skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr 1170/2015 er tekið fram hvað skal að lágmarki vera í innra eftirliti í gæðahandbók sjókvíaeldis og flokkast þessi atriði undir það.

5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 06.02.2020

Frávik

Sannprófun hefur ekki verið gerð og skráð. Er þetta endurtekið frávik frá síðasta eftirliti

Skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 1170/2015 kemur fram að sannprófa skal innra eftirlit eldisstöðvar að lágmarki einu sinni á ári, alltaf eftir slyssleppingu eða önnur alvarleg óhöpp og þegar breytingar eiga sér stað á rekstri eldisstöðvarinnar

5.1.6 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 06.02.2020

Frávik

Árlegur fundur hefur ekki verið haldinn fyrir starfsmenn sjókvíaeldisstöðvar.

Skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 1170/2015

Árlega er haldinn fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þátttaka starfsmanna er skráð í þjálfunarskrá

6 - Úrbætur

6.1 - Úrbætur

6.1.1 Mat á úrbótum

Sett inn: 06.02.2020

Alvarlegt frávik

Þar sem athugasemdir við eftirfarandi atriði voru gerðar í síðustu skoðun og hefur ekki verið lagfært, verður þessi liður skráður sem **alvarlegt frávik**.

Athugasemdir úr síðasta eftirliti matvæla stofnunar sem ekki hefur verið lagfært:

Frávik 1: Sannprófun innra eftirlits hefur ekki verið framkvæmd.

Frávik 2: Þjálfun starfsmanna ófullnægjandi

Hjörtur Methúsalemsson
hjortur.methusalemsson@mast.is
séfræðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.